



„Fatnaður fyrir íslenskar aðstæður“

RÆTT VIÐ ÖRN JÓHANSSON, ANNAN EIGANDA VERSLUNARINNAR ÖSSU

„Ég hef verið spurður að því, hvort grundvöllur sé fyrir nýrri tiskuverslun í Reykjavík. Ég svara þessari spurningu hiklaust játandi og tel að evrópska línan, sem við erum með, eigi eftir að falla fólk vel í geð,“ segir Örn Jóhannsson annar eigandi verslunarinnar ASSA á Laugaveginum, en hinn eigandinn er kona hans, Friðrikka Guðmundsdóttir.

Sá fatnaður, sem hér er til sölu, er einkum frá Þýskalandi og Danmörku. Eitt aðalfyrirtækið, sem við skiptum við, framleiðir undir heitinu **Laurel**. Hér er um að ræða fatnað eins og pils, jakka, peysur, blússur og kápur, sem hægt er að velja saman á ýmsa vegu. Sú sem hannar þennan fatnað var áður fatahönnuður hjá þýska fyrirtækinu Mondí, en fyrir nokkrum árum stofnaði hún eigið fyrirtæki og byggir hún sitt fataúrval upp ekkert ósvipað og Mondí.

Frá fyrirtækinu **Lecomte** erum við með sportlegan fatnað, eins og peysur, skýrtur og buxur, einnig þennan fatnað er hægt að velja saman á fleiri en einn veg.

Strenesse er líka þýskt fyrirtæki, sem framleiðir einkum kápur, dragtir og stakka, svo og finan kvöldfatnað eins og pils, buxur og

jakka. Hægt er að velja saman fatnað frá þessum þremur fyrirtækjum, því fatnaðurinn frá þeim hæfir vel hver öðrum.

Hrásilkifatnaðurinn frá **Elisabeth Rudolph**, sem við erum með, er fyrir kvöldið. Þessar flíkur eru danskar. Hægt er að fá náttkjóla, handklæði og þvottastykki frá þessu fyrirtæki. Finnst okkur tilvalið að vera með gjafahluti svona inn á milli.

Þá erum við með buxur úr teygjuefni frá **Gloríu Vanderbilt**, bæði úr gallaefni og flaueli. Við erum einnig með pils, blússur og peysur frá þessu sama fyrirtæki.

It's me er vörumerki fyrirtækis, sem við höfum umboð fyrir, en það framleiðir fremur pónkaðan fatnað fyrir unglina.

Rúskinns- og leðurvörur eins og pils, buxur og jakkar eru frá **Claus Pind**, sem starfar í Danmörku. Skór og töscur eru svo frá ítalska fyrirtækinu **Sebastian** og það má geta þess að Margrét Danadrottning spásseraði mikið á stígvélum frá þessu fyrirtæki meðan á Grænlandsdvöl hennar stóð.

Sá fatnaður, sem við bjóðum upp á, er fyrir konur á aldrinum 18—40 ára. Höfum við lagt á það

áherslu að vera með fatnað, sem hæfir íslenskum aðstæðum.

„Þú spyrð að því, hvort ég hafi komið nálægt tiskufatnaði áður, en svo er ekki og heldur ekki konan mín, en hún er hjúkrunarfræðingur. Ég er að ljúka námi í byggingartækni frá en það nám hef ég stundað að undanförunu úti í Óðinsvéum. Samhliða náminu höfum við hjónin verið með heilidsölu, sem heitir **DANCO hf.**, og höfum við flutt inn ýmislegt fyrir ungarbörn eða allt frá snúði upp í barnavagna.

Það má eiginlega segja að þetta sé hálfgerð ævintýramennska að vera stofna tiskuverslun, ef miðað er við efnahagsástandið nú. En það þarf líka að hafa unga menn, sem þora að framkvæma hlutina, það lífgar svolítið upp á þetta allt saman.


Auðvitað er dýrt að setja upp búð eins og þessa, en vinir og kunningjar hafa verið okkur einstaklega hjálpsamir og var unnið dag og nótt við að ganga frá versluninni áður en hún opnaði. Innréttlingarnar koma allar frá Danmörku og eru unnar af **Jörgen Hansen**, sem kom hingað sérstaklega til að setja þær upp. Einnig hefur verið mér til aðstoðar **Nelly Kops**, sem rekur verslun við Strikið í Kaupmannahöfn, en sú verslun selur meðal annars skó frá **Sebastian**.

Við höfum ákveðið, að hafa hér tiskusýningar í versluninni á hverjum föstudegi, þegar koma inn nýjar vörur, því verslunin er rúmgóð og því auðvelt að koma slíkum sýningum fyrir og mun ég auglýsa þær deginum áður.

Það hefur verið mikil vinna við að setja þessa verslun upp, raunverulega meiri vinna en ég bjóst við í upphafi, en þetta er spennandi verkefni og það er mikið að gerast, en ég tek þessu samt fremur rólega,“ sagði Örn Jóhannsson.

2 NÝJAR TISKU-VERZLANIR Í REYKJAVÍK

Tvær nýjar tiskufataverslanir hafa verið opnaðar með stuttu millibili í Reykjavík. Þær eiga það sammerkt að hafa á boðstólum vandaðan og sigildan fatnað frá viðurkenndum fyrirtækjum í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu. Við ræðum hér við eigendur þessara verslana og spyrjum þá meðal annars hver sé sá grundvöllur, sem þeir byggja á og spjöllum um þann fatnað, sem þeir bjóða upp á og sýnum svolítið sýnishorn af honum.



Fágæt umslög á FRÍMEX 1982

Frímerki

Jón Aðalsteinn Jónsson

Í síðasta þætti fyrir viku var birt mynd af sjaldgæfu bréfsþjaldi frá 1879, sem sýnt er þessa dagana á **FRÍMEX-1982**. Um leið var gefið í skyn, að margt annað fágæti yrði sýnt þar. Nú er komið í ljós, við hvað var átt. Er sjálfsgætt að helga þáttinn þessu nýja efni, sem menn líta nú augum í fyrsta sinni á frímerkjasýningu þeirri, sem haldin er á **Kjarvalsstöðum** til að minnast 25 ára afmælis **Félags frímerkjasafnara** og þess starfs, sem það hefur innt af höndum í þágu frímerkjasafnara hér á landi öll þessi ár.

Árið 1973 var haldin mikil frímerkjasýning á **Kjarvalsstöðum**, **ISLANDIA 73**, af því tilefni, að hundrað ár voru liðin frá útkomu fyrstu íslensku frímerkjana. Þá vildi svo skemmtilega til, að fram komu hvorki meira né minna en sjö skildingabréf, áður ókunn, og

eitt svonefnt aurabréf með þjónustufrímerkjum á. Þetta var einstæður fundur, enda settu þessi bréf sérstæðan svip á sýninguna, og voru þó þar fyrir 20 skildingabréf í söfnum ýmissa sýnenda.

Þegar ákveðið var að halda afmælisýningu 1982, greindi ég

formanni **F.F.** frá því, að ýmislegt áhugavert myndi vera til í þjóðskjalasafninu, sem gaman væri að fá til sýningar. Veitti **Bjarni Vilhjálmsson** þjóðskjalavörður góðfúslega leyfi sitt til að athuga nánar það, sem fundist hefði í skjalasafninu síðustu árin, og taka eitthvað af því á væntanlega sýningu. Síðan voru valin 46 bréf eða umslög, og eru tíu þeirra með skildingafrímerkjum á og öll áður ókunn. Er fjöldi skildingabréfa þá orðinn um 50. Er enginn efi á, að þetta er langmerkasti fundur gamalla íslenskra umslaga til þessa, og tæplega trúlegt, að annar eins eigi eftir að gerast í frímerkjaheimi okkar.

Rétt er að benda sérstaklega á það, að þessi umslög öll hafa legið óhreyfð um og yfir hundrað ár og hafa því hvorki orðið fyrir áhrifum ljóss né misjafni meðferð manna. Þau halda því „ferskleika“ sínum, og það er mikils virði í augum frí-

merkjafræðinga. Á þann hátt má fá nákvæma mynd af réttum litum hvernar prentunar, því að auralmerkin svonefndu voru flest endurprentuð og sum oft á þeim rúma aldarfjórðungi, sem þau voru í notkun, og aldrei varð liturinn nákvæmlega eins og áður.

Litum svo á nokkur skildingabréf, sem sýnd eru. Hér eru fjögur almenn bréf með 4 sk. merkjum, en þau eru víðar þekkt. Aftur á móti gegnir allt öðru máli um þau sex bréf, sem eru með svokölluðum þjónustufrímerkjum á. Þau frímerki máttu aðeins embættismenn nota og einungis á embættisbréfum. Upplag þeirra var alltaf lítið í samanburði við almenn merk, svo að þau eru eðlilega sjaldgæf og ekki sízt á heilum umslögum.

Fram að þessu hafa verið þekkt sex þjónustubríf með skildingafrímerkjum á, en nú bætast önnur sex við og sum þeirra með áður

óþekktu burðargjaldi. Hér er einkum ástæða til að benda á tvö bréf, sem hvort um sig er frímerkt með tvennd af 8 sk. merki og einu 4 sk. merki. Annað bréfanna er frá í apríl 1873 og því elzta skildingabréf, sem vitað er með vissu um aldur á.

Árið 1876 varð að gefa út ný frímerki í samræmi við myntbreytingu árið áður, og komu nú aurar í stað skildinga. Þessi frímerki nefndust því auralfrímerki og voru bæði almenn og þjónustumerki. Elzta almenna auralmerkið er 5 aura blátt og mjög sjaldséð. Hér eru fjögur bréf með þessu merki, ýmist sér eða með öðrum verðgildum. Þá er þetta frímerki með tvenns konar tökkun, og eru þær báðar hér. 20 aura frímerki fjólu-blátt frá 1876 er einnig sjaldgæft merki og ekki sízt á bréfi með skýrum lit, því að liturinn er mjög næmur fyrir ljóshárfum. Hér er eitt umslag með 10 merkjum á framhlið og þremur á bakhlið eða alls 13 merkjum. Auk þess er svo eitt 10 aura af 1. prentun. Þetta hefur verið óvenjuhátt burðargjald, enda